

Formáli

TILDRÖG

Greinarnar í þessari bók eru komnar til vegna rannsóknarverkefnisins Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfsmynd (skammstafað MMMS í þessu riti), sem hlaut þriggja ára Rannísstyrk til að kanna stöðu vesturíslensku á árunum 2013–2015. Verkefninu stýrðu Höskuldur Þráinsson og Birna Arnbjörnsdóttir og með þeim í verkefnisstjórn voru Ásta Svavarsdóttir, Daisy Neiymann, Kristján Árnason, Matthew Whelpton og Úlfar Bragason. Í tengslum við rannsóknina var haldið námskeið á framhaldsstigi við Háskóla Íslands haustið 2015 sem lauk með opinni málstofu í desember sama ár.¹ Fyrirlestrar á námskeiðinu og í málstofunni urðu síðan undirstaða þeirra greina sem hér birtast.

EFNISSÖFNUN

Meðal markmiða MMMS-verkefnisins var að safna saman fyrirbyggjandi gögnum um vesturíslensku og afla nýrra. Meðal eldri gagna sem áður hafði verið safnað og verkefnið fékk aðgang að í rafrænu formi má nefna þessi:

- viðtöl Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Maríu Franzdóttur úr söfnunarleiðangri um Kanada og Bandaríkin veturinn 1972–1973 (sjá úrval í bókinni *Sögur úr Vesturheimi* 2012)
- viðtöl Gísla Sigurðssonar við Vestur-Íslendinga, tekin 1982
- bréf Vestur-Íslendinga sem Böðvar Guðmundsson safnaði og bjó til prentunar (sjá *Bréf Vestur-Íslendinga I–II* 2001–2002)²
- handrit bókarinnar *Burt – og meir en bæjarleið* (2001) en í henni er efni sem Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman úr dagbókum og persónulegum skrifum Vesturheimsfara
- ýmsar hljóðritanir frá RÚV (kveðjur Vestur-Íslendinga 1946, viðtalsþættir frá 1999)
- upptökur Birnu Arnbjörnsdóttur 1986 (skrifaðar upp á vegum MMMS)

1 Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum studdu málstofuna.

2 Böðvar veitti verkefninu einnig aðgang að efni sem hann hafði safnað fyrir þriðja bindi.

- upptökur Kristínar M. Jóhannsdóttur frá um 2000 (skrifaðar upp á vegum MMMS)
- ljósmyndir úr safni Nelsons Gerrard

Margir íslenskir fræðimenn hafa stundað rannsóknir á vesturíslensku efni undanfarin ár. Sumir þeirra tóku þátt í námskeiðinu og málstofunni sem áður var sagt frá og eiga því greinar í þessari bók en til annarra er vitnað í greinunum í bókinni eftir því sem tilefni gefst til.

Á vegum MMMS var farið í þrjár efnissöfnunarferðir til Vesturheims:

- Manitoba (Winnipeg, Gimli, Riverton, Arborg) í Kanada vorið 2013
- Alberta (Edmonton) og Bresku Kolumbíu (Vancouver, Nanaimo) í Kanada vorið 2014
- Washington (Point Roberts, Blaine, Seattle) í BNA vorið 2014
- Norður-Dakóta (Fargo, Mountain) í BNA haustið 2014
- Saskatchewan (Regina, Wynyard, Foam Lake) og Manitoba (Brandon, Portage la Prairie, Winnipeg, Gimli, Lunder) í Kanada haustið 2014

Þetta voru alls þrír leiðangrar og voru 3–5 þátttakendur í hverjum.³

Tilgangur ferðanna var að taka viðtöl við fólk sem enn talar íslensku í Vesturheimi og fá þannig mynd af því íslenska málafríðri sem þar hefur þróast, en einnig að rannsaka menningarlega sjálfsmynd afkomenda vesturfaranna, m.a. með því að spyrja þá um viðhorfið til hins íslenska uppruna, þátt íslenskunnar í sjálfsmyndinni og um aðlögun forfeðranna að nýrri menningu í nýju landi. Tengiliðir á hverjum stað gegndu mikilvægu hlutverki í rannsókninni með því að finna málhafa og senda út boð um þátttöku.⁴ Fólk af íslenskum uppruna í Kanada og Bandaríkjunum brást vel við og var mjög jákvætt og áhugasamt um að aðstoða rannsakendur. Rætt var við 101 þátttakanda á ensku eingöngu⁵ en við 126 þátttakendur (52 karla

3 Þetta voru Birna Arnbjörnsdóttir, Daisy Neijmann, Höskuldur Práinsson, Iris Edda Nowenstein, Kristín M. Jóhannsdóttir, Matthew Whelpton, Sigríður Mjöll Björnsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Úlfar Bragason, en auk þeirra tók Nicole Dehé frá Háskólanum í Konstanz í Þýskalandi þátt í seinni ferðinni til Manitoba sem gestur.

4 Birna Bjarnadóttir og Peter John Buchan, kennarar við íslenskudeild Manitobaháskóla, og Gunnar Ólafur Hansson, málvísindakennari við University of British Columbia, veittu okkur mikilvæga aðstoð hvert á sínum stað. Aðrir tengiliðir voru einkum Gunnvör Daníelsdóttir, Elva Simundsson, Svava Simundsson, Signy McInnis, Keith Eliasson, Joan Eyolfson Cadham, Susan Sigurdson Powers, Loretta Bernhoft, Jón Örn Jónsson, Audrey Shepherd, Dennis Oleson, Ásta Smart, Judy Gleich, Joedy Englesby, Gerri McDonald, Rob Olason, Leona Olason, Pauline de Haan, David Johnson, Emily Kristjanson, Linda Bjarnason og Elin Ross.

5 Þátttakendur sem eingöngu töluðu ensku tóku annars vegar þátt í þeim hluta rannsóknarinnar sem sneri að menningarlegri sjálfsmynd (sjá grein Daisy Neijmann í þessari bók) og hins vegar



Mynd 1: Manitobahópur 2013:
Höskuldur, Kristín, Birna, Matthew.



Mynd 2: Vesturstrandarhópur 2014:
Kristín, Sigríður Mjöll, Úlfar.



Mynd 3: Ágústhópur 2014 (nema Sigríður Magnúsdóttir sem tók myndina): Iris, Höskuldur, Nicole Dehé, Daisy, Matthew.

og 74 konur) til að kanna færni í íslensku. Meðalaldur þeirra sem tóku þátt í íslenska hlutanum var 77 ár og aldursbilið 26–98 ár. Íslenska var töluð að einhverju marki heima í uppvexti allra, enska töluð að einhverju leyti heima frá upphafi hjá helmingi þátttakenda en hinn helmingurinn kynntist ensku fyrst á skólaaldri. Um 20% höfðu lært að lesa á íslensku heima áður en þau fóru í skóla en mjög fáir lesa íslensku reglulega nú orðið.

Rannsóknarhópurinn hitti málhafana á ýmsum samkomustöðum í „Íslendingabyggðum“, svo sem í bókasöfnum eða öðrum söfnum, félagsheimilum, safnaðarheimilum eða heimahúsum. Tengiliðirnir höfðu séð um að boða þátttakendur á staðina. Öll viðtöl voru tekin upp með leyfi þátttakenda. Gögnum var safnað eftir ákveðnum aðferðum sem er nánar lýst í einstökum greinum í bókinni, bæði til að fá fram tiltekin máleinkenni og viðhorf til ýmissa menningarlegra þátta og til samanburðar við eldri rannsóknargögn, úr vesturíslensku og heimaíslensku.

Rannsóknarhópurinn naut líka góðs af samstarfi við fræðimenn í ýmsum löndum sem fást við rannsóknir á erfðarmálum í Norður-Ameríku, ekki síst varðandi rannsóknaraðferðir. Mikilvægur þáttur í því samstarfi var alþjóðleg ráðstefna sem var haldin við Háskóla Íslands í september 2013 (*The Fourth Annual Workshop on Immigrant Languages in the Americas*) undir stjórn Birnu Arnbjörnsdóttur á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands. Þá var MMMS-verkefnið nýlega farið af stað og því gafst kærkomið tækifæri á ráðstefnunni til þess að greina frá fyrstu niðurstöðum, viðra hugmyndir um rannsóknaraðferðir og fá viðbrögð við þeim.

Flestar fyrri rannsóknir á vesturíslensku eru að einhverju leyti börn síns tíma, þ.e. fylgja þeirra tíma aðferðafræði og greiningarhefðum, og oft skrifaðar fyrir aðra fræðimenn. Sumar rannsóknir eru lýsandi og markmiðið ekki sérstaklega að setja niðurstöður í kenningarlegt samhengi né tengja niðurstöðum rannsókna á öðrum erfðarmálum. Það hefur hins vegar verið reynt í þeim rannsóknum sem hér er lýst. Svipað á við um sumar fyrri rannsóknir á vesturíslenskum bókmenntum og menningu. Þá hafa fyrri rannsóknir ekki alltaf verið aðgengilegar almenningi en í þessari bók er kappkostað að gera grein fyrir stöðu vesturíslensks máls og menningar á tungumáli sem bæði lærðir og leikir skilja.

í samanburðarrannsókn á litaheitum í amerískri ensku (sjá grein Þórhöllu Guðmundsdóttur Beck og Matthews Whelpton í þessari bók).

BÓKIN

Eins og sjá má skiptist bókin í tvo hluta. Í þeim fyrri eru greinar sem tengjast sögu vesturfaranna og afkomenda þeirra, sjálfsmynd þeirra, menningu og bókmenntum. Þessi hluti hefst með yfirliti Úlfars Bragasonar um fyrri rit og rannsóknir á þessum sviðum. Í síðari hluta bókarinnar eru greinar sem allar fjalla um vesturíslenskt mál. Fyrst er yfirlitsgrein eftir Birnu Arnbjörnsdóttur og Höskuld Þráinsson þar sem þau rekja sögu rannsókna á vesturíslensku og draga saman það helsta sem vitað er um þróun þessa eina afbrigðis íslensku sem talað er utan Íslands.

FRAMHALDIÐ

Það er von aðstandenda þessarar bókar, og rannsóknarverkefnisins sem hún er að nokkru sprottin úr, að útgáfa hennar geti orðið til þess að auka áhuga á rannsóknum á vesturíslensku máli og menningu. Eins og fram kemur í þessum formála var miklu efni um vesturíslenskt mál safnað á vegum MMMS-verkefnisins og ýmislegt eldra efni dregið saman. Úrvinnsla úr þessu efni er rétt að byrja. Auk Böðvars Guðmundssonar og þeirra félaga Davíðs Ólafssonar og Sigurðar Gylfa Magnússonar sem áður voru nefndir hafa ýmsir fræðimenn skráð vesturíslensk bréf eða safnað þeim og hliðstæðu efni. Þá má nefna verkefnið „Fragile heritage: Í fótspor Árna Magnússonar“. Í því verkefni er verið að skrá íslensk handrit í Norður-Ameríku á vegum Stofnunar Árna Magnússonar. Verkefnisstjóri er Katelin Parsons og helstu samverkamenn hennar eru Ryan Eric Johnson og Ólafur Arnar Sveinsson (sjá http://www.arnastofnun.is/page/fragile_heritage_arni_magnusson). Bréfin og handritin eru augljóslega góður efniviður í sagnfræðilegar og bókmenntafræðilegar rannsóknir af margvíslegu tagi ekki síður en málfræðilegar. Þótt ýmsir fræðimenn hafi fjallað um vesturíslenskar bókmenntir, eins og fram kemur í greinum í þessari bók, er þar einnig mikið rannsóknastarf óunnið, ekki síst að því er varðar vesturíslenska höfunda sem skrifuðu á íslensku. Loks er brýnt að safna meira efni um vesturíslenskuna sjálfa meðan hún er enn á lífi, bæði á þeim svæðum sem sótt voru heim að þessu sinni og svæðum sem ekki gafst tóm til að heimsækja.

ÞAKKIR

Að lokum viljum við þakka öllum sem hafa stutt MMMS-verkefnið og útgáfu þessarar bókar með einum eða öðrum hætti þótt við getum ekki talið upp eins marga og vert væri. Rannsóknasjóður Íslands styrkti MMMS-verkefnið og án þess stuðnings hefði ekkert orðið úr því. Miðstöð íslenskra bók-

mennta styrkti útgáfu bókarinnar, Málvísindastofnun, Stofnun Árna Magnússonar og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur féllust á að vera bakhjarlar hennar en Háskólaútgáfan gefur út. Samstarfið við starfsfólk Háskólaútgáfunnar var með miklum ágætum og fræðilegi ritstjórninni, Helga Hilmissdóttir, vann mjög gott starf og sá um öll samskipti við ritrýnendur, sem gerðu góðar tillögur um endurbætur og lagfæringar. Margir fræðimenn létu MMMS-verkefninu í té ýmiss konar rannsóknagögn eins og þegar var rakið og fengu ekkert fyrir það nema þakklætið. Ýmsir aðstoðarmenn unnu úr rannsóknargögnum, einkum stúdentar í framhaldsnámi,⁶ og nokkrir fræðimenn tóku þátt í námskeiðinu eða opnu málstofunni 2015 þótt þeir eigi ekki greinar í þessari bók.⁷ Tengiliðir í Vesturheimi veittu ómetanlega aðstoð við skipulagningu á söfnun efnis þar vestra, eins og þegar hefur komið fram, en í því sambandi má þó sérstaklega nefna Birnu Bjarnadóttur, sem stýrði Íslenskudeild Manitobaháskóla í Winnipeg þegar farið var í fyrstu efnissöfnunarferðina, skipulagði móttökurnar í Manitoba í það skipti og útvegaði styrk frá deildinni upp í ferðakostnað. Mestu máli skiptu samt þær vinsamlegu móttökur sem rannsóknahóparnir fengu í Vesturheimi. Þar voru allir boðnir og búnir að aðstoða, tala við rannsóknamenn, reiða fram veitingar eða bjóða heim. Það er geymt en ekki gleymt.

HEIMILDIR

Bréf Vestur-Íslendinga I–II. 2001–2002. Böðvar Guðmundsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.

Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturbeimsfara á síðari hluta 19. aldar. 2001. Ritstj. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon. (Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 5.) Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Sögur úr Vesturheimi. 2012. Úr söfnunarleiðangri Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Maríu Franzdóttur um Kanada og Bandaríkin veturinn 1972–1973. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. [Þessar sögur eru líka aðgengilegar á slóðinni <http://www.arnastofnun.is/sogururvesturheimi> og þar má hlusta á upptökurnar.]

Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson, Úlfar Bragason

6 Þetta voru einkum Elma Óladóttir, Gísli Valgeirsson, Iris Edda Nowenstein, Katrín María Víðisdóttir, Kristján Friðbjörn Sigurðsson, Lilja Björk Stefánsdóttir, Margrét Lára Höskuldsdóttir, Melanie Adams, Sigríður Mjöll Björnsdóttir, Sigrún Gunnarsdóttir, Tinna Frímánn Jökulsdóttir og Valdís Valgeirsdóttir.

7 Þetta voru Bergljót Kristjánsdóttir, Kristján Árnason, bæði frá Háskóla Íslands, og þær Angela Hoffman frá Uppsalaháskóla og Karoline Kühl frá Kaupmannahafnarháskóla.